

GASLÖGN VEGNA METANVINNSLU Á GLERÁRDAL, AKUREYRI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að gaslögn vegna metanvinnslu á Glerárdal sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Akureyrarbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (sbr. 25. gr. laga nr. 131/2011). Kærufrestur er til 21. júní 2012.

INNGANGUR

Þann 2. apríl 2012 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Norðurorku um gaslögn vegna metanvinnslu á Glerárdal, Akureyri samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 3 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Akureyrarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Mannvirkjastofnunar, Umhverfisstofnunar og Vinnueftirlits ríkisins.

Umsagnir bárust frá Akureyrarbæ með tölvupósti dags. 25. apríl 2012, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 23. apríl 2012, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 7. maí 2012, Mannvirkjastofnun með bréfi dags. 18. apríl 2012, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 30. apríl 2012 og Vinnueftirliti ríkisins með bréfi dags. 18. apríl 2012. Frekari upplýsingar bárust frá Norðurorku með bréfi dags. 11. maí 2012.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð um framkvæmdina kemur fram að hún felist í lagningu hauggaslagnar frá urðunarstað á Glerárdal að hreinsistöð sem staðsett verði við vatnsgeymi Norðurorku við Súluveg. Framkvæmdasvæðið liggja meðfram sunnanverðum Súluvegi frá urðunarstað að vatnsgeymi þar sem hreinsistöðin og dælustöðin muni standa a.m.k. tímabundið á meðan reynsla fáist af stöðinni. Síðar sé ráðgert að færa annaðhvort bæði hreinsistöð og afgreiðslu eða aðeins metanafgreiðslustöðina að mótum Súluvegar og Miðhúsabrautar. Það hafi í för með sér að lengja þurfi gaslögnina áfram meðfram Súluvegi að ráðgerðri endanlegri staðsetningu afgreiðslustöðvar á mótum Súluvegar og Miðhúsabrautar.

Fram kemur að á urðunarstaðnum hafi nú þegar verið boraðar 8 holur sem notaðar verði í fyrstu til gassöfnunar. Gasinu úr holunum sé safnað saman í svonefndar safnkistur á urðunarstaðnum og verði leitt þaðan í hauggaslögn að hreinsistöðinni. Gert sé ráð fyrir að notuð verði pólýetylen-leiðsla. Lögnin verði á undirþrýstingi svo ekki ætti að koma til gasleka þó hún rofni. Í hreinsistöðinni verði dæla sem drífi þetta ferli áfram. Sogþrýstingur verði á bilinu 50 til 200 mbör. Í fyrstu þurfi að leggja 1,5 – 1,8 km langa hauggaslögn frá urðunarstaðnum að hreinsistöðinni og hugsanlega þurfi að leggja um 800 m gaslögn í viðbót að varanlegri staðsetningu. Verði hreinsistöðin áfram á lóð Norðurorku við Súluveg en metanafgreiðslan færð að varanlegri staðsetningu verði sú lögn á þrýstingi undir 10 börum. Grafinn verði um 1 km skurður fyrir rafstreng vegna annarra framkvæmda á vegum Norðurorku og sé gert ráð fyrir að hægt verði að nýta sama skurðinn fyrir gaslögnina. Lögnin verði lögð á hefðbundinn hátt í jörð. Grafinn verði skurður um 1,3 metri að dýpt og botn hans þakinn sandlagi. Plastlögnin verði lögð í sandinn og sandur borinn yfir. Þá verði skurðurinn fylltur með þeim jarðvegi sem grafinn hafi verið úr skurðinum og gengið frá yfirborði þannig að sem minnst beri á raskinu. Lögnin verði hnitúð inn á landupplýsingakerfi og merkt á svipaðan hátt og háspennustrengur.

Sjónræn áhrif. Fram kemur að eftir frágang lagnarinnar verði sjónræn áhrif hennar hverfandi. Hvergi eigi að sjást í lögnina. Ummerki um rask á yfirborði muni hverfa á tiltölulega stuttum tíma þar sem yfirborð sé ræktað.

ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

Almennt. Akureyrarbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Hættur. Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins er bent á að ekki komi fram hversu mikið magn af hauggasi verði geymt á einum og sama stað. Ekki virðist hins vegar vera tilefni til að ætla að gasmagnið verði nægjanlegt til þess að starfstöðvarnar falli undir reglugerð nr. 160/2007 um stórslysavarnir. Fyrirtækinu beri þó að skoða það mál.

Í svörum Norðurorku kemur fram að magn hauggass sem geymt verði á háþrýstilager geti numið allt að 3.600 kg (5.000 Nm³). Samkvæmt 8. tl. 2. hluta I. viðauka reglugerðar nr. 160/2007 um stórslysavarnir sé þröskuldsmagn fyrir afar eldfim efni eða efnablöndur sem falla undir athugasemd 3c fyrir þéttaðar afar eldfimar lofttegundir og jarðgas 10 tonn og 50 tonn vegna tilkynningarskyldu og öryggisskýrslu rekstraraðila. Magnið hjá Norðurorku verði því undir mörkum. Norðurorka muni hafa samráð við Vinnueftirlit ríkisins um framkvæmdina í samræmi við gildandi lög og reglur um vinnuvernd.

Í umsögn Mannvirkjastofnunar kemur fram að fari lagnir með hauggasi að leka geti það skapað sprengihættu og þurfi búnaður sem nota eigi til að stöðva lekann að vera staðsettur þannig að hann sé aðgengilegur viðbragðsaðilum t.d. slökkviliði. Staðsetning slíks búnaðar eigi að koma fram á uppdráttum vegna framkvæmdanna. Mikilvægt sé að umhverfis slíka lögn sé jafnframt skilgreint og merkt ákveðið öryggissvæði 6-12 m breitt eftir aðstæðum þar sem takmörkun sé öllum framkvæmdum og huga þarf sérstaklega að þeim aðstæðum ef slík lögn liggja meðfram eða í gegnum vegi. Í greinargerðinni sé gert ráð fyrir að rafstrengur verði lagður í sama skurð og gaslögnin en ekkert komi fram um ráðstafanir vegna þessa m.a. um aðskilnað gaslagnar og rafstrengs. Nálægð slíkra lagna geti aukið hættu á slysum.

Í svörum Norðurorku kemur fram að fjarlægð frá öðrum mannvirkjum og lögnum byggi á staðlinum Energigasnormer 2011 (EGN 2011). En þar sé kveðið á um að lágmarks fjarlægð frá jarðstreng skuli vera 0,5 m. Öryggisbúnaður verði merktur inn á uppdrætti og muni framkvæmdin verða kynnt slökkviliði.

Áhrif á loftgæði. Umhverfisstofnun bendir á að ekkert sé fjallað um útblástur frá hreinsistöð í greinargerð og telji stofnunin mikilvægt að fram komi upplýsingar um hvort og þá hvaða efni slík hreinsistöð kemur til með að losa.

Í svörum Norðurorku kemur fram gasið sem til hreinsistöðvarinnar komi sé það gas sem annars hefði borist í andrúmsloft frá haugnum. Til hreinsunar sé einungis notað hreint grunnvatn og engin önnur efni. Hauggasið verði þvegið með vatninu og við það náist s.k. súrar gastegundir úr gasblöndunni. Þessar súru gastegundir séu koldíoxíð og brennisteinsvetni. Styrkur brennisteinsvetnis í hauggasi sé breytilegur, allt frá því að vera hverfandi og upp í nokkur prósent í undantekningartilfellum. Vatnið frá þvottaturninum sem innihaldi súru gastegundirnar verði leitt til afloftara þar sem andrúmsloft verði dregið í gegnum vatnið við undirþrýsting en við það losna uppleystu súru gastegundirnar aftur úr vatninu og fara með andrúmsloftinu út úr afloftara. Fyrirhugað sé að þessi gasblanda verði leidd um lífsíu (e. biofilter) til lofts. Í lífsíu muni þrífast brennisteinssæknar bakteríur sem eyða brennisteinsvetni úr gasblöndunni áður en hún fari til lofts. Þessi aðferð sé notuð um alla Evrópu þar sem svona hreinsun fer fram. Útblástur frá gashreinsistöðinni sé því það koldíoxíð sem annars hefði farið til lofts frá urðunarstaðnum ásamt andrúmslofti sem notað sé til að draga það út. Ennfremur muni önnur efni sem voru í hauggasinu einnig verða mælanleg í gasinu, en í mjög litlum mæli.

Áhrif frárennslis. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að vegna hugsanlegra breytinga á hitastigi og sýrustigi í Glerá vegna frárennslis frá hreinsistöð þurfi að vakta ána ofan og neðan innrennslis frárennslisvatnsins. Ef frárennslíð valdi meiri breytingum í Glerá en leyfilegt sé samkvæmt reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólþ þurfi að leita leiða til að draga úr mengun frá frárennslis t.d. með því að setja upp hreinsivirki fyrir frárennslíð. Einnig

telji stofnunin að koma þurfi skýrt fram tegund og magn þeirra efna sem verði í frárennsli frá hreinsistöð.

Í svörum Norðurorku kemur fram að hreint grunnvatn sé notað til gasþvottarins. Þar sem alltaf tapist eitthvað vatn sem gufa með gasi sem fari frá stöðinni þurfi að bæta við vatni en einnig þurfi að koma í veg fyrir að í þvottakerfinu safnist upp óæskileg efni í vatninu t.d. uppleyst steinefni úr vatninu. Gert sé ráð fyrir að frárennsli frá hreinsistöð verði veitt í Glerá. Lágmarksrennsli í Glerá sé talið 600-700 l/s og meðalrennsli 2.500-3.000 l/s. Það sé því ljóst að jafnvel við lágmarksrennsli í Glerá muni frárennsli frá hreinsistöð einungis vera um 0,05% af rennsli Glerár. Áhrif á sýrustig verði því varla mælanlegt. Engu að síður sé gert ráð fyrir að fylgst verði með sýrustigi og magni brennisteinsvetnis í affallsvatninu til öryggis. Eins séu áhrif frárennslis á hita Glerár varla mælanleg. Miðað við lágmarksrennsli við lægsta mögulegan hita muni hitabreyting Glerár vera 0,01°C. Gerist þess þörf verði, í samvinnu við útgefanda starfsleyfis, frárennslisvatni veitt um skeljasandsbeð og foss áður en það fari í ána.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu hauggaslagnar frá urðunarstað á Glerárdal að hreinsistöð sem staðsett verður við vatnsgeymi Norðurorku við Súluveg. Síðar er gert ráð fyrir að leggja gaslögn áfram að ráðgerðri endanlegri staðsetningu afgreiðslustöðvar á mótum Súluvegar og Miðhúsabrautar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3 b í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á gæði vatns og andrúmslofts verði fremur lítil í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Þó svo að afrennsli frá starfsemi verði veitt í Glerá þá er afar ólíklegt að það hafi í för með sér neikvæð áhrif á lífríki árinna. En ef ástæða er til að ætla að uppgefnar forsendur um þau áhrif standist ekki þá sé fremur einfalt að bæta úr því líkt og framkvæmdaraðili hefur bent á. Skipulagsstofnun telur verkefnið í heild, þ.e. að breyta úrgangsefni í orkugjafa, vera jákvætt fyrir umhverfið.

Skipulagsstofnun bendir á að það er ábyrgðarluti að flytja og meðhöndla sprengifim gös. Stofnunin telur afar brýnt að framkvæmdaraðili hafi náði samráð við leyfisveitendur og eftirlitsaðila með það að markmiði að halda áhættu í lágmarki.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Norðurorku við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Norðurorku vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gaslögn vegna metanvinnslu á Glerárdal sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Akureyrarbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (sbr. 25. gr. laga nr. 131/2011). Kærufrestur er til 21. júní 2012.